



Reykjavík
International
Film
Festival

R I F F

24. SEPT - 04. OKT 2020

BARNADAGSKRÁ

DAGSKRÁ 14+

AÐ BYGGJA SJÁLFSMYND

KYNNINGAREFNI FYRIR KENNARA OG LEIÐBEINENDUR

RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík: Barna- og ungmennadagskrá

RIFF er stærsta kvikmyndahátíð Íslands fyrir börn og unglunga á aldrinum 4-16 ára. Í ár mun RIFF í sjöunda skipti sýna áhrifamiklar stuttmyndir víðsvegar að úr heiminum sem sérstaklega eru ætlaðar þessum aldurshópi. Við bjóðum þér að taka þátt og skapa samtál við börn og unglunga um hinn magnaða heim kvikmyndanna. Þetta er einstakt tækifæri til að gægjast inn í heim kvikmyndanna og bjóða börnum og unglungum upp á eftirminnilega menningarupplifun.

Í ár heldur RIFF upp á 17 ára afmæli sitt og margt hefur gerst á sviði kvikmynda fyrir börn og unglunga síðan hátíðin var fyrst haldin. Stuttmyndir eru ei lengur aðeins aðgengilegar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og á myndbandsspólum heldur eru þær aðgengilegar okkur öllum stundum í - jafnvel í formi myndbanda sem yngri kynslóðin skapar sjálf og deilir með öðrum á veraldarvefnum. RIFF leitast eftir að sýna einstakar stuttmyndir sem ögra, örva og heilla yngri áhorfendur.

Alls verður boðið upp á fimm stuttmyndadagskrár, auk kvikmyndasýninga, sem aðgengilegar verða í kvikmyndahúsum og skólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Kvikmyndir, með sýnar sterku ímyndir og skálduðu eða sannsögulegu dæmisögur, geta vakið okkur til umhugsunar um mikilvæg málefni svo sem sambönd, samfélagsleg málefni, sjálfbærni, umhverfið og loftlagsmál á sérstakan hátt. Í stuttu máli sagt þá er eðli kvikmynda slíkt að þær vekja hjá okkur mismunandi tilfinningar og jafnvel spurningar um lífið sjálft.

Þáttöku í barna- og unglingadagskrá RIFF er ætlað að vera skemmtileg og fræðandi upplifun þar sem við skoðum heiminn í gegn um linsu hreyfimyndanna. Með það að markmiði höfum við sameinað stuttmyndadagskrár og tillögur að kennsluefni, sem gerir kennurum og leiðbeinendum kleift að nota stuttmyndirnar sem kennsluefni bæði fyrir, á meðan og að sýningu lokinni.

Margar af þeim myndum sem sýndar eru á RIFF henta vel sem viðbótarefni við þær greinar sem þegar eru kenndar í leik- og grunnskólum landsins. Þetta er því frábært tækifæri til að tvíanna saman áhrifaríkar stuttmyndir og kennslu þar sem ólík viðfangsefni eru sett í samhengi við þennan skapandi miðil.

RIFF hefur valið myndir og sett saman í flokka með það að markmiði að kynda undir forvitni nemenda og opna augu þeirra fyrir mismunandi málefnum.



List fyrir alla

Barna- og ungmennadagskrá RIFF er styrkt af List fyrir alla.

List fyrir alla velur og miðlar listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafnar þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á list fyrir börn og list með börnum.

DAGSKRÁ 14+ : AÐ BYGGJA SJÁLFSMYND

Með þessari stuttmyndadagskrá skoðum við sjálfsmynd, þar að segja hvernig við byggjum upp okkar eigin sjálfsmynd og hvernig félagsleg gildi og viðmið geta haft áhrif á okkar sjálfsmynd.

Með þessari dagskrá fylgja tillögur að spurningum og æfingum sem ætlað er að opna umræðuna um sjálfsmynd og geta verið settar í samhengi við þær stuttmyndir sem unglingarnir horfa á á RIFF.

Stuttmyndirnar eru allar ólíkar og hafa því möguleika á að snerta á ýmsum viðfangsefnum sem eru jafnvel þegar til umræðu í bekknum. Þau þemu sem koma fyrir í myndunum eru til dæmis trúarbrögð, kynvitund, náttúra o.s.fv.. Efnið er ætlað börnum 14 ára og eldri en getur auðveldlega verið aðlagað til að henta yngri nemendum.

Myndirnar sem sýndar verða í þessum flokk eru:



XY

Ísland | Anna Katrín Lárusdóttir | 15 mín

Lísa er fimmtán ára og nokkuð frábrugðin öðrum stelpum á hennar aldri. Undanfarið hefur hún einangrað sig mikið þar sem hún gengur um með stórt leyndarmál um sjálfa sig. Þegar Bryndís æskuvinkona hennar hefur samband verða endurfundir með vinkonunum sem leiðir til þess að Lísa uppgötvar fleiri leyndarmál um líkama sinn og sjúkrasögu sína.



Skepna / Hæstkuk

Noregur | Aasne Vaa Greibrokk | 14 mín

Þrettán ára Dagne er einstaklega fær og sjálfstæð í vinnu sinni í hesthúsinu. Hún og hinar stelpurnar prófa færni sína með því að toga í taumana á sterkustu hestunum. Á meðal hópsins liggja væntingar um það sem bíður þeirra við upphaf fullorðinsáranna. En þegar 34 ára gamall járnsmiður kemur til starfa í hesthúsinu umbreytast óljósir æskudraumar yfir í vægðarlausan raunveruleika.



Vindar dýralífsins / Ráfagas de Vida Salvaje
Spánn | Jorge Cantos | 24 mín

Þrír spænskir unglingar og hinn rúmenski Sül fylgjast hverjir með öðrum í gegnum girðingu. Sül býr í felum á auðlendi með föður sínum, en þrír félagsskap og dreymir um betra líf.



Fiskurinn sem gengur / 歩く魚
Holland og Japan | Thessa Meijer | 18 mín

Framagjarnt froskdýr sem lifir í sjónum þráir að halda inn í hinn mannlega heim. Draumur hennar um að þróast yfir í fullkomin einstakling er svo sterkur að hún yfirstígur náttúruleg takmörk líkama síns og umbreytist í mannveru. En jafnvel sem ung kona heldur hún áfram að vera eirðarlaus. Mun hún einhverntíma verða sátt í eigin skinni?



Landið okkar / Utan er
Svíbjóð | Jean-Luc Mwepu | 13 mín

Idris og Kojo eru síðustu eftirlifendur hóps afrískra flóttamanna sem hafa lifað sjálfstæðu lífi í sænskum skógi í hátt í tíu ár. Þegar þeir hitta fyrir unga drenginn Stellan upphefst með þeim varasamt vinasamband.



Ung lesbía / Babylebbe
Danmörk | Tone Otilie | 20 mín

Frede fer í teknóparty með stóru systur til að freista þess að fanga athygli fyrrverandi kærustu sinnar. Þegar það gengur ekki eftir fer hún að ráðum systur sinnar og leitar annara og minna rómantískra leiða til að jafna sig á ástarsorginni. En skildi hún í raun vilja sína fyrrverandi aftur þegar tækifærið gefst?



Goðsögnin / La Legende
Frakkaland | Manon Eyriey | 12 mín

Tvær vinkonur njósna um myndarlegasta strákinn í hverfinu sem er kallaður Goðsögnin. Önnur þeirra undirbý sig undir að eyða með honum sinni fyrstu, ástríðufullu nótt.

TILLÖGUR AÐ KENNSLUEFNI

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður bæði fyrir og eftir sýningu myndarinnar. Með tilliti til þeirra markmiða sem tilgreind voru hér að ofan, þá leggjum við til eftirfarandi umræðuefni:

FYRIR SÝNINGU:

Ræðið við nemendurna um viðfangsefni stuttmyndanna sem er sjálfsmynd og félagsleg gildi og viðmið ("social norms"), sem þið getið kafað dýpra í saman til dæmis með því að ræða hvernig félagsleg gildi og viðmið hafa áhrif á sjálfsmynd í nútíma heimi.

Tilgangur þessa kennsluefnis er ekki eingöngu að opna umræðu um mikilvæg málefni, ekki síst fyrir þennan aldurshóp, heldur einnig að skerpa á kvikmyndalæsi nemenda.

Þar sem þetta viðfangsefni getur verið viðkvæmt má t.d. hvetja nemendurna til að tala ekki um sína persónulegu reynslu, heldur um það sem þau þekkja úr bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Þannig er hægt að ræða um málefnið úr fjarlægð en samt bjóða upp á áhugaverðar umræður.

Nemendur geta líka sett fókusinn á hvernig sjálfsmynd og félagsleg gildi/viðmið eru samtengd.

EFTIR SÝNINGU:

Vinnið saman í pörum og búið til greiningu og túlkun á mynd/unum með sérstaka áherslu á þau vandamál sem söguhetjurnar í myndunum voru að takast á við. Notið atriði úr myndinni til að rökstyðja mál ykkar.

→ Fjallið um einkenni aðal sögupersónunnar og umhverfi hennar

→ Hvaða vandamál eða áskoranir upplifir aðal söguhetjan í tengslum við eigin sjálfsmynd?

→ Hvaða vandamál upplifir aðal söguhetjan gagnvart öðrum persónum í myndinni?

→ Hvernig er vandamálið leyst (ef það er leyst)?

→ Veltið fyrir ykkur hvernig hægt er að túlka myndina sem innsýn inn í hvernig sjálfsmynd aðal söguhetjunnar þróast?

→ Hvernig hefur þessi þróun sjálfsmyndar haft áhrif á hana?

ÍTAREFNI

HVAÐ ER SJÁLFSMYND?

Orðin sjálfsmýnd, sjálfssálit og sjálfstraust eru notuð nokkuð samhlíða í almennri umræðu en í raun vísa þau til mismunandi atriða.

Sjálfsmýnd er heildarhugmynd einstaklings um sjálfan sig. Þar koma við sögu fjölmargir þættir, s.s. persónuleiki, áhugamál, skoðanir, gildismat, kyn, aldur, störf o.s.frv. Sjálfsmýndin er þannig byggð upp af fjölmörgum atriðum sem við teljum eiga við um okkur. Lítum á nokkur atriði:

Ég er Íslendingur
Ég er kona/karl
Ég er samkynhneigð
Ég er múslimi
Ég er íþróttamaður
Ég er læknir
Ég er góður vinur

Sjálfssálit eða sjálfsmat vísar til viðhorfs manneskjunnar til sjálfrar sín og virði síns sem manneskju. Þegar talað er um sterka, veika, eða jafnvel brotna, sjálfsmýnd er yfirleitt átt við sjálfssálit en ekki endilega hver viðkomandi er í ljósi allra þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Viðhorf okkar til okkar sjálfrar er þannig hluti af sjálfsmýnd okkar, en ekki sjálfsmýndin öll, sem inniheldur einnig staðreyndir eins og „ég er dökkhærður“ eða „ég er unglíngur“.

Sjálfstraust eða sjálfstöryggi vísa til þess hve mikla trú við höfum á sjálfum okkur og getu til að ná markmiðum okkar og takast á við lífið. Oft er talað um sjálfstraust í tengslum við hversu örugg við erum í samskiptum við aðra. Það er aðeins ein hlið sjálfstrausts, sem er mun almennri og vísar til hvernig okkur líður almennt gagnvart þeim áskorunum sem mæta okkur í lífinu.

Þessi hugtök eru auðvitað öll samtengd. Sjálfssálit og sjálfstraust eru hluti af sjálfsmýndinni en vísa til ólíkra hluta hennar. Þegar rætt er um að styrkja sjálfsmýndina er yfirleitt átt við að efla trú manneskjunnar á sjálfri sér (sjálfstraust) og stuðla að jákvæðara viðhorfi hennar til sjálfrar sín (sjálfssálit).

**(Tekið af vefsíðu Heilsuveru og birt með góðfúslegu leyfi Landlæknisembættisins:
<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/sjalfsmynd/hvad-er-sjalfsmynd/>)**